

# **1. fundur Velferðarnefndar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 20. ágúst 2015 kl. 15:00**

**Mætt voru** Halldóra Friðbergsdóttir sem ritaði fundargerð, Magdalena Zawodna, Björgvin Þóroddsson, Gréta Bergrún Jóhannsdóttir og Sölvi Steinn Ólason.

Formaður bauð nefndarmenn velkomna á fyrsta fund velferðarnefndar og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

## **Dagskrá fundar:**

### **1. Kosning varaformanns:**

Lagt til að Jón Gunnþórsson verði varaformaður  
Samþykkt samhljóða.

### **2. Hlutverk nefndarinnar:**

Farið yfir erindisbréf nefndarinnar og góðar umræður um hlutverk nefndarinnar.

### **3. Forvarnarstefna Langanesbyggðar, umræður:**

Mjög gott mál en nauðsynlegt að stefnunni fylgi aðgerðaráætlun til nokkurra ára.

### **4. Fundartímar og boðun þeirra:**

Stefnt á fundi fyrsta þriðjudag í mánuði en fundum sleppt í desember og júlí.

### **5. Önnur mál:**

Rætt um að félag eldri borgara fái fulltrúa í nefndina.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 15:41